

## Fyrirspurn

til efnahags- og viðskiptaráðherra um ráðningar starfsmanna.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa, annarra en afleysinga, í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu þar á undan án þess að starfið væri auglýst árin 2007–2011, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir þessara starfsmanna eru nú starfandi í ráðuneytinu?

**Skriflegt svar óskast.**